



## Fundargerð hreppsnefndar 10. janúar 2013

**Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 10. janúar 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Mætt voru á fundinn Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Fjóla Valsdóttir, Sigríður E. Konráðsdóttir, Þórunn Egilsdóttir og Guðrún Anna Guðnadóttir, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 13. og 19. des. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 13. des. sl.

Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 19. des. sl.

Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 30. nóv. sl.

Fundargerð húsnæðisnefndar frá 30. nóv. sl. lögð fram.

Málsmeðferð húsnæðisnefndar samþykkt.

3. mál. Sundabúd legudeild, samningsstaða o.fl.

Oddviti gerði grein fyrir stöðu mála. Ekki hefur enn verið skrifað undir samning við VEL. Að ósk ráðuneytis hefur undirskrift verið frestað í þrígang en lögð er áhersla á að undirritun verði í janúarnánuði. Nú er verið að ganga frá málum sem snúa að launum og réttindum starfsmanna. Það ferli er unnið skv. aðildarskiptalögum og fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, samþykktum sveitarfélagsins og laga nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Þá er einnig verið að fara yfir tæki og búnað og ganga frá því hvað verður eftir og hvað fer. Von er á fulltrúum HSA til að fara yfir þessi mál í næstu viku.

Sveitarstjórnarmenn eru sammála um mikilvægi þess að vanda vel við frágang samnings svo ekki komi til ágreinings eftir yfirtöku en fagna því jafnframt að sjá skuli fyrir endann að málinu.

4. mál. Byggðakvóti 2012/2013

Oddviti greindi frá stöðu mála. Umsókn vegna fiskveiðiársins 2012/2013 e byggðist m.a. á því að á staðnum væri bolfiskvinnsla. En þar sem raunin er ekki sú var send fyrirspurn til Atvinnuvega- og nýsköpunarvegaráðuneytis varðandi málið. Í svari ráðuneytis dags. 28. des. 2012 kemur fram að sveitarstjórn geti ekki skrifað upp á samning um viðskipti með kaup á afla, sé ekki um starfandi fiskvinnslu að ræða og ráðleggur að auglýst verði eftir umsóknum að nýju, annaðhvort samkvæmt óbreyttum reglum eða sveitarstjórn óski eftir því við ráðuneytið að vinnsluskylda verði felld niður.

Haldinn var fundur með útgerðarmönnum og ákveðið í samráði við þá að fara að ráðum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og hefja nýtt umsóknarferli.

Alsherjarnefnda falið umboð til að ganga frá málum og funda með smábátasjóðmönnum föstudaginn 11. janúar.

5. mál. Bréf Skipulagsstofnunar, varðandi gildi deiliskipulags

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dagsett 9. nóvember 2012 er varðar gildi deiliskipulaga sem birt hafa verið í Stjórnartíðindum árin 2011 og 2012. Í bréfinu er vísað í niðursöðu úrskurðanefndar skipulags- og byggingarmála frá 25. október 2012 þar sem fram kemur að

deiliskipulög teljast ógild ef meira en þrjú mánuðir líði frá endanlegri samþykkt sveitarstjórna að auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Búið er að yfirfara deiliskipulagsáætlanir Vopnafjarðarhrepps frá þessu tímabili og ein áætlun reyndist ekki í gildi samkvæmt þessari niðurstöðu úrskurðarnefndar.

Sveitarstjórn samþykkir á grundvelli þessa fyrir sitt leyti að auglýsa aftur deiliskipulag „Urðundarstaður og athafnalóðir á Búðaröxl“ samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

6. mál. Samstarf smærri sveitarfélaga, Drekasvæði o.fl.  
Oddviti kynnti stöðu mála og fyrirhugaðan fund fulldrúa sveitarfélaganna. Rætt var um verkferla og vinnubrögð innan SSA. Fundarmenn sammála um nauðsyn eftirfylgni á samþykktum aðfundar.

7. mál. Snyrtistofan Hafblik bréf dags. 27. des. sl.  
Miklar umræður. Allir sammála um að sátt þyrfti að nást í málinu. Ákveðið að bjóða Hafblik bætur. Oddvita falið að ganga frá samningum við Hafblik.  
Samþykkt samhjóða með sjö atkv.

8. mál. Kaupvangur- Umræður- Myndun vinnuhóps, sem skilgreinir framtíðarhlutverk Kaupvangs.

Ákveðið að mynda 3 manna nefnd 2 úr meirihluta og 1 úr minihluta til að vinna að stefnumótun fyrir Kaupvang. Tillögur að nefndarfólki komi inn á næsta fund.

Samþykkt samhjóða

9. mál. Námsgjöld, vegna nemanda í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags.  
Oddvita og sveitastjóra falið að ganga frá málinu.

10. mál. Kiwanisklúbburinn, styrkveitin til framhaldsskóladeildar á Vopnafirði.  
Hreppsnefnd fagnar rausnarlegu framlagi, kr. 1.000.000, til fyrirhugaðrar framlidskóladeildar og þakkar kærlega veittan stuðning.  
Áfram verður unnið að framgangi málsins.

11. mál. Sundlaug í Selárdal. Umsókn um starfsleyfi.  
Lagt fram til kynningar.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir.

a) Bréf Vegagerðarinnar varðandi breytingar á stjórnskipulagi Vegagerðarinnar.  
Lagt fram til kynningar.

b) Fundargerð aukaaðalfundar Þróunarfélags Austurlands frá 20. des.sl.  
Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 17.35.